

arlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og til greiðslu kostnaðar við gæzluvarðhald sitt.

Ákærða Brynjólfur ber að dæma til greiðslu málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00. Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum $\frac{1}{20}$ hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn $\frac{1}{20}$ hluti.

Í byrjun dómsins er gerð grein fyrir rekstri málsins, sem hefur verið vítalaus.

Dví dæmist rétt vera:

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson sæti fangelsi í 2 ár.

Ákærði Brynjólfur Einarsson sæti fangelsi í 4 mánuði, en fullnustu refsingar hans skal fresta og niður skal hún falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12 febrúar 1940 haldið.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga, og ákærði Guðmundur Holberg er ævilangt sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærði Guðmundur Holberg Þórðarson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 5000.00, og allan kostnað við gæzluvarðhald sitt.

Ákærði Brynjólfur Einarsson greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústafs A. Sveinssonar, kr. 3500.00.

Af öðrum kostnaði sakarinnar greiði ákærðu in solidum $\frac{1}{20}$ hluta, en ákærði Guðmundur Holberg einn $\frac{1}{20}$ hluti.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. júní 1946.

Nr. 132/1945. **Hermann Hjartarson** (Hrl. Sveinbjörn Jónsson) gegn

Hreppsnefnd Breiðdalshrepps f. h. hreppsins (Hrl. Sigurður Ólason).

Útsvarsmál. Lögtaksgerð framkvæmd af hreppstjóra.

Dómur hæstaréttar.

Hina áfrýjuðu lögtaksgerð hefur framkvæmt hreppstjóri Breiðdalshrepps samkvæmt úrskurði sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með

stefnu 12. marz þ. á. Krefst hann þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Stefndi hefur fengið gjafvörn hér fyrir dómi og sér skipaðan talsmann. Gerir hann þær dómkröfur, að lögtaksgerðin verði staðfest og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Áfrýjanda, sem verið hefur sóknarprestur að Skútustöðum, var veitt Eydalaprestakall frá fardögum árið 1943. Eigi fluttist hann þó austur þangað, en sat áfram á Skútustöðum samkvæmt leyfi kirkjustjórnarinnar og fékk annan prest til að þjóna Eydalaprestakalli. Jörðina Eydali ásamt öðrum landsnytjum, er prestsembættinu fylgja, seldi hann á leigu frá fardögum 1943. Í maimánuði 1944 sagði áfrýjandi prestsembættinu aftur lausu, án þess að hafa flutzt búferlum í prestakallið eða haft þar nokkur afnot lands eða aðra starfsemi, svo séð verði, er valdið geti útsvarsskyldu samkvæmt b-lið 8. gr. útsvarslaga nr. 106/1936 eða öðrum ákvæðum þeirra laga. Samt sem áður var áfrýjanda árið 1944 gert að greiða 1000 króna útsvar í Breiðdalshreppi, og er hann greiddi eigi útsvarið, var hreppstjóra Breiðdalshrepps af sýslumanni Suður-Múlasýslu falið að taka útsvarið lögtaki. En þessi aðferð sýslumanns var röng, þar sem lögtaksgerðina bar undir fógetadóm Þingeyjarsýslu og átti, eins og á stóð, að hefja á heimili áfrýjanda, sbr. 7. gr. laga nr. 29/1885 og 33. gr. laga nr. 19/1887. Hinn 15. ágúst 1945 tilkynnti hreppstjóri Breiðdalshrepps áfrýjanda með símskeyti, að lögtak yrði framkvæmt 24. s. m., en ekki var tilgreint, hvar eða hvenær dags. Samkvæmt endurriti af lögtaksgerð, er liggur fyrir í málinu, framkvæmdi hreppstjórninn síðan lögtakið þannig, að hann nefndan dag lét fá sér í hendur 1000 krónur í peningum, er áfrýjandi átti inn hjá kaupfélaginu í Breiðdalsvík. Áfrýjandi var eigi viðstaddur gerð þessa né neinn af hans hálfu.

Fyrirskipun lögtaks þessa og framkvæmd þess brýtur svo í bága við réttar lagareglur, að varða verður ómerkingu lögtaksgerðarinnar ex officio.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Laun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti þykja hæfilega ákveðin 350 krónur, er ber að greiða úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Hin áfrýjaða lögtaksgerð á að vera ómerk.

Stefndi, hreppsnefnd Breiðdalshrepps f. h. hreppsins, greiði áfrýjanda, Hermannni Hjartarsyni, 600 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti. Laun skipaðs talsmanns stefnda fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmans, 350 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Lögtaksgerð:

Árið 1945, 24. dag ágústmánaðar, var hreppstjóri Breiðdalshrepps, ásamt tilkvöddum vottum, Einari Björnssyni, Hamri, og Baldvin Björnssyni, Breiðdalsvík, staddur að Breiðdalsvík til þess að framkvæma lögtak á ógreiddu útsvari Hermanns Hjartarsonar, fyrrverandi Eydalaprests, álgöðu 1944.

Lögð var fram lögtaksbeiðni oddvita Breiðdalshrepps, dagsett 18. júní s. l., með áritaðri lögtaksheimild sýslumannsins í Suður-Múlasýslu, dagsettri 14. júlí s. l., svo hljóðandi:

Oddviti Breiðdalshrepps

Suður-Múlasýslu.

Gilsárstekk, 1% 1945.

Hér með leyfi ég mér að beiðast þess, að þér, herra sýslumaður, heimilið lögtak á ógreiddu útsvari Hermanns Hjartarsonar — skipaðs prests í Eydölum — álgöðu í Breiðdalshreppi 1944, að upphæð kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur —.

Virðingarfullt,

Páll Guðmundsson.

Til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu.

Ofangreint útsvar má taka lögtaki á ábyrgð Breiðdalshrepps, og er hreppstjóra þess hrepps falið að framkvæma lögtakið.

Skrifstofu Suður-Múlasýslu, 14. júlí 1945.

Kristinn Júlíusson

settur.

Lögtakið var birt Hermannni með simskeyti, dagsettu 15. þ. m. Afgjald Eydalaeyja, er Hermann Hjartarson leigði Sigurði Jónssyni, bónda á Ósi, 1943 hafði verið fastsett til tryggingar útsvarsgreiðslunni, og var geymt á reikningi í Kaupfélagi Stöðfirðinga, Breiðdalsvík.

Krafðist þá hreppstjóri, að sér væru afhentar kr. 1000.00 — eitt þúsund krónur — af innstæðu Hermanns Hjartarsonar, og upphæðina afhenti starfsmaður kaupfélagsins, Stefán Þórðarson.

Lögtaksgerð lokið.

Páll Guðmundsson.

Vottar:

Einar Björnsson.

Baldvin Björnsson.

Fimmtudaginn 6. júní 1946.

Nr. 77/1945. Hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps f. h.
hreppsins (Hrl. Einar Baldvin Guðmundsson)
gegn

Stefáni Jónssyni og gagnsök
(Hrl. Gunnar Þorsteinsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Um eignarrétt að fjöru á hafnarsvæði.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti ásamt samdómendum Valdimar Pálsyni hreppstjóra og Jónasi Snæbjörnssyni menntaskólakennara.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. júní 1945. Krefst hann aðallega algerrar sýknu af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en til vara, að gagnáfrýjanda verði einungis ákveðinn eignarréttur að þeim hluta þrætulandsins, sem sjór féll af um stórstraumsfjöru 1939, en aðiljum kemur saman um, að sú spilda nái 130 metra til norðurs frá hafnargarðinum og sé 30 metra breið. Svo krefst aðaláfrýjandi og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.